

félagi því, sem heldur uppi þeirri starfsemi, kjósi tvo menn í stjórn sjóðsins í stað hreppsnefndar.

28  
18. apríl

6. gr.

Stjórn sjóðsins ávaxtar fé hans, annast um úthlutun úr honum til styrkþega, hefir reikningshald hans á hendi og önnur almenn störf fyrir hann.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal færa í sérstaka bók.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Súðavík, 18. marz 1933.

*Grímur Jónsson.*

## REGLUGERÐ

29  
22. apríl

um beitarafnot og beitargjald í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Beitarsvæðið, sem reglugerð þessi hljóðar um, nær yfir:

1. Grundarhólsland frá syðri merkjum Hóls og Grundarhóls yfir Múrhús að nyrðri merkjum téðra jarða, allt svæðið frá girðingu sandgræðslunnar og býlisins „Skeiði“ til fjalls.
2. Ytribúðaland frá merkjum Traðar og Ytribúða norður á Grjótleiti á Stigahlíð, að merkjum Ytri-Búða og Hóls, allt svæðið frá hinum útmældu og girtu lóðum til fjalls.
3. Fjörubeitarsvæðið í landi Grundarhóls og Ytribúða.

Hreppsnefndinni er, eftir sem áður, heimil útmæling á beitarsvæðinu til ræktunar og bygginga.

2. gr.

Íbúum á verzlunarlóð Bolungarvíkur, svo og íbúum Skeiðis og annara slíkra býla, sem síðar kunna að verða reist í landi hreppsins utan takmarkalínu verzlunarlóðarinnar, er heimil beit á svæðinu fyrir skepnur þær, sem þeir hafa undir höndum. Stórgripum má þó ekki beita á Ytribúðaland, meðan núverandi ábúandi býr á jörðinni, nema samþykki hans komi til.

3. gr.

Fyrir allan pening, sem alinn er yfir veturinn á svæði því, er 2. gr. tilgreinir, skal árlega greiða gjald í sveitarsjóð Hólshrepps sem hér segir:

a. Fyrir nautgrip, veturgamla og eldri .....	kr. 8.00
b. Fyrir hesta, veturgamla og eldri .....	— 16.00
c. Fyrir geitfé .....	— 0.50
d. Fyrir sauðfé .....	— 0.30

**29** Gjalldið er skyldugjald, og ber eiganda eða þeim, sem hefir utansveitarfénað til fóðrunar, að standa skil á því. Tala penings við skoðun síðla vetrar, samkvæmt forðagæzluþók hreppsins, skal lögð til grundvallar.

22. apríl

Sá, sem sannar fyrir innheimtumanni að hann hafi algerlega haft sumar-  
beit fyrir pening sinn eða hluta af honum, utan beitarvæðisins, getur krafizt  
endurgreiðslu á beitargjaldinu fyrir þann pening, að öllu leyti fyrir nautgripi, og  
að hálfu leyti fyrir hesta, geitfé og sauðfé.

#### 4. gr.

Ef eigendur búpenings utan þess svæðis, sem 2. gr. tiltekur, óska að nota fjörubeitina, þá er það heimilt gegn 2 kr. árgjaldi fyrir hvern hest og 15 aura gjaldi fyrir sauðkind, án tillits til þess hvort beitin er mikið notuð eða lítið.

Við útreikning gjaldsins samkvæmt grein þessari skal einnig farið eftir skoðunarskýrslum síðla vetrar samkvæmt forðagæzluþókinni, nema viðkomandi sanni innheimtumanni að nokkur hluti fénaðar hans hafi alls ekkert notað beitina á árinu.

#### 5. gr.

Gjöld samkvæmt 3. og 4. gr. miðast við árið frá 1. október til 30. september næstan á eftir. Gjaldalagi er sá sami og fyrri gjaldalagi sveitarútsvaranna, og annast hreppsnefnd innheimtuna gegn 5% innheimtulaunum, í fyrsta sinn árið 1933. Gjöldin hafa lögtaksrétt.

#### 6. gr.

Öllum geitfjáreigendum í Hólshreppi er skylt að sjá um að geitfénaður þeirra gangi jafnan með klafa um háls, þegar hann er ekki á afréttum, tímabilið frá miðjum apríl til októberloka ár hvert, og séu klafarnir gerðir eftir fyrirmynd, er hreppsnefndin lætur búa til og hefir til sýnis.

#### 7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 200 krónum. Sektir renna í sveitarsjóð Hólshrepps.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

#### 8. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast gildi 1. maí 1933, er úr gildi numin reglugerð nr. 14, 16. marz 1931, um beitarafnot og beitargjald í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samið eftir tillögum Hólshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga 31. maí 1927, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1933.*

**Þorsteinn Briem.**

*Vigfús Einarsson.*